

1. janúar 1966 og 7% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags og kr. 7.000.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 30. október 1968.

Nr. 180/1967. **Kaupfélag Norður-Þingeyinga**

(Bergur Bjarnason hdl.)

gegn

Þorsteini Jónssyni,

Brynjari Halldórssyni og

Skúla Þór Jónssyni

(Jónas A. Aðalsteinsson hdl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Skuldamál. Fiskverð. Samvinnufélög.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 10. nóvember 1967. Hann krefst sýknu af kröfum stefndu og málskostnaðar úr hendi þeirra í héraði og hér fyrir dómi.

Stefndu krefjast staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjanda.

Í bréfi Landssambands íslenskra útvegsmanna, dags. 22. október 1968, til lögmanns stefndu, er lagt hefur verið fyrir Hæstarétt, segir m. a. svo:

„Fyrst eftir gildistöku laga nr. 97/1961 bárust okkur kvartanir frá nokkrum aðiljum um það, að nokkur kaupfélagsfrystihús teldu sér óskýlt að greiða verð það, sem Verðlagsráð sjávarútvegsins ákvað sem lágmarksverð ferskra sjávarafurða.

Að tilstuðlan okkar féllust öll viðkomandi frystihús á það sjónarmið, að þeim bæri skylda til að greiða greint verð

til viðskiptaaðilja sinna, að undanskildu Kaupfélagi N.-Þingeyinga, Kópaskeri“.

Af þessu efni hefur verið lagt fram bréf Sambands íslenskra samvinnufélaga til lögmanns áfrýjanda, dags. 26. október 1968, þar sem m. a. segir svo:

„Bréfið“, þ. e. áðurgreint bréf Landssambands íslenskra útvegsmanna, „er út af fyrir sig rétt, en gefur tilefni til athugasemda,

a) mjög víða, þar sem kaupfélögin hafa fiskvinnslustöðvar, er sú starfsemi rekin í formi sérstakra hlutafélaga, sem viðkomandi kaupfélag er aðili að,

b) að sjálfsögðu er allur gangur á því, hvort þeir, sem leggja afla sinn til kaupfélags, eru félagsmenn þess eða ekki“.

Eigi er í ljós leitt, að skipti aðilja, sem mál þetta er af risið, séu undanþegin ákvæðum laga nr. 97/1961 um verðlagsráð sjávarútvegsins. Ber því að staðfesta hinn áfrýjaða dóm.

Eftir þessum úrslitum er rétt, að áfrýjandi greiði stefndu málskostnað hér fyrir dómi, kr. 18.000.00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Kaupfélag Norður-Þingeyinga, greiði stefndu, Þorsteini Jónssyni, Brynjari Halldórssyni og Skúla Þór Jónssyni, málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 18.000.00.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur sjó- og verzlunardóms Reykjavíkur 15. september 1967.

Mál þetta, sem dómtekið var í dag, hefur Þorsteinn Jónsson, Hringbraut 79, Húsavík, persónulega og f. h. Brynjars Halldórssonar, Húsavík, og Skúla Þórs Jónssonar, Melum, höfðað fyrir sjó- og verzlunardóminum með stefnu, birtri 20. maí 1966, á hendur Kaupfélagi N.-Þingeyinga, Kópaskeri, til greiðslu skuldar að fjárhæð kr. 124.699.46 ásamt 7% ársvöxtum frá 31. desember 1963 til greiðsludags auk málskostnaðar að skaðlausu samkvæmt mati dómsins.

Stefndi hefur gert þær réttarkröfur, að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda og honum verði dæmdur málskostnaður úr hendi stefnanda að mati réttarins.

Reynt hefur verið að koma á sátt í máli þessu, en sú viðleitni hefur eigi borið árangur.

Samkomulag er með málsaðiljum um að reka mál þetta hér fyrir sjó- og verzlunardómi Reykjavíkur.

Málavextir eru svofelldir:

Föstudaginn 5. janúar 1962 var haldinn stjórnarfundur í Kaupfélagi N.-Þingeyinga. Af hálfu stjórnarinnar sátu fundinn þessir menn: Pétur Siggeirsson, Páll Þorleifsson, Þórarinn Haraldsson, Ingimundur Jónsson og Jóhann Helgason. Kaupfélagsstjórinn, Þórhallur Björnsson, sat og fund þennan. Á fundi þessum var einnig mættur stefnandi málsins Þorsteinn Jónsson.

Meðal annarra mála, sem rædd voru á þessum stjórnarfundum, var móttaka á fiski frá bátnum m/b Kára, ÞH 84, eign stefnanda. Mun stjórnin hafa boðið stefnanda Þorsteini Jónssyni að greiða um það bil 85% af fullnaðarverði þess fisks, sem m/b Kári legði upp hjá kaupfélaginu, en fullnaðaruppgjör mundi fara fram síðar. Um þetta atriði er gerð svofelld bókun í fundargerðarbók kaupfélagsins:

„3. mál. Fiskmóttaka. Mættur var Þorsteinn Jónsson á fundinum. Kaupfélagið hefur lagt í nokkurn kostnað til fiskmóttöku með það fyrir augum að gera „Kára“, báti Þorsteins Jónssonar, fært að stunda róðra frá Kópaskeri. Stjórnin heimilar framkvæmdastjóra að semja fyrir þetta ár um móttöku fiskjar af þessum báti á grundvelli áætlunarverðs“.

Samkvæmt þessu samkomulagi lagði m/b Kári upp afla sinn hjá Kaupfélagi N.-Þingeyinga á tímabilinu 1. janúar 1962 til 31. maí 1963, en stefnendur voru í föstum viðskiptum við Kaupfélag N.-Þingeyinga þetta tímabil. Kaupfélagið reiknaði stefnanda til tekna áætlunarverð, sem reyndist vera um það bil 85% af verði því, sem Verðlagsráð sjávarútvegsins ákvarðaði sem lágmarksverð fyrir viðkomandi tímabil. Ákvarðanir verðlagsráðsins voru teknar, eftir að nefndur stjórnarfundur var haldinn. Stefnumálaráðgjafi er þannig mismunur á áætlunarverði stefnda og lágmarksverði samkvæmt verðákvörðun Verðlagsráðs sjávarútvegsins. Stefndi hefur ekki fengið til að greiða mismun þennan þrátt fyrir ítrekaðar áskoranir stefnanda. Verður nú vikið að framburðum vitna og stefnanda Þorsteins Jónssonar hér fyrir dómnum.

Stefnandi Þorsteinn Jónsson hefur skýrt svo frá, að hann og

félagar hans hafi allir verið félagsmenn í Kaupfélagi N.-Þingeyinga, áður en hann keypti bátinn Kára um mitt sumar 1961.

Stefnandinn Þorsteinn Jónsson hefur skýrt svo frá, að áður en fundurinn, sem haldinn var 5. janúar 1962 í stjórn Kaupfélags N.-Þingeyinga, hafi farið fram, hafi hann verið búinn að tala við kaupfélagsstjórnann, Þórhall Björnsson, og hafi tal þeirra snúizt um það, að kaupfélagið tæki á móti fiski, en ekki með hvaða skilmálum. Stefnandi kveðst hafa verið mjög stutt á fundi kaupfélagsstjórnarinnar. Er hann hafi komið á fundinn, hafi stjórnin verið þar fyrir svo og kaupfélagsstjórnin. Þorsteinn kveðst hafa gengið á eintal með einum stjórnarmannanna, Þórarni Haraldssyni, en þó í sama herbergi. Þorsteinn segir Þórarin hafa í umrætt sinn spurt sig að því, hvort hann gæti sætt sig við 85% skráðs verðs, sœm yrði þá borgað út hálfsmánaðarlega, en afgangurinn um áramót, eða hvort stefnandi heimtaði fullt verð strax. Þorsteinn segir, að sér hafi skilízt á Þórnari, að þetta hafi verið skilmálar, sem kaupfélagsstjórnin hefði orðið ásátt um að bjóða honum. Síðan segir Þorsteinn, að aðrir stjórnarmenn hafi spurt, hvort Þorsteinn og Þórarinn hafi orðið ásáttir um skilmála, og þeir sagt, að svo væri, og kvaðst Þorsteinn síðan hafa vikið af fundinum. Þorsteinn taldi, að með skráðu verði hafi verið átt við það verð, sem Verðlagsráð sjávarútvegsins ákvæði, en ekki hafi það berum orðum verið tekið fram á greindum fundi. Stefnandi Þorsteinn kvaðst ekki hafa frétt af því fyrr en eftir áramót 1962 og 1963, er hann fór að ganga eftir eftirstöðvum fiskverðsins, að halli hefði orðið á fiskverkun og sölu miðað við verð Verðlagsráðs sjávarútvegsins. Þá segist Þorsteinn heldur ekki minnst þess, að kaupfélagsstjórnin, Þórhallur Björnsson, hafi fyrr en eftir áramót 1962 og 1963 látið orð falla í þá átt, að kaupfélagið tæki við fiskinum á grundvelli sannvirðis, en ekki samkvæmt verði Verðlagsráðs sjávarútvegsins. Þorsteinn sagði, að aldrei hefði verið minnst á umboðssölu.

Þórhallur Björnsson hefur komið fyrir dóminn og skýrt svo frá, að hann hafi verið kaupfélagsstjóri í Kaupfélagi N.-Þingeyinga á þeim tíma, sem um er fjallað í máli þessu. Hann kveðst hafa setið umræddan fund stjórnarinnar, svo sem venja sé til, og man eftir því, að stefnandi Þorsteinn kom á þann fund. Hins vegar mundi hann ekki, hvernig viðræður við stefnanda áttu sér stað á þessum fundi. Hann telur þó líklegt, að annað hvort hafi hann eða stjórnarformaður, Pétur Siggeirsson, eða þeir báðir rætt við stefnanda. Þórhallur taldi, að í stjórninni hefði

verið um það rætt, að stefnanda yrði borguð ákveðin hundraðs-tala af verði verðlagsráðs, en honum í umræddri bókun, sem gerð var á fundinum, verið falið að ákveða þann hundraðshluta og niðurstaðan orðið 85% eða því sem næst. Hann mundi ekki, hvort hann talaði um þetta við stefnanda þá þegar á umræddum fundi, en telur ekki ósennilegt, að þessi tala hafi verið nefnd á fundinum. Þórhallur kvaðst ekki muna, hvernig orð féllu á fundinum, en telur, að enginn hafi átt að geta farið í grafgötur með, að stefnandi ætti að fá sannvirði afurðanna og hafi það verið ákveðinn skilningur sinn og kaupfélagsstjórnarinnar. Þórhallur taldi, að í bókun þeirri, sem gerð var á nefndum fundi, hafi sér verið fengin heimild til að semja við stefnanda um það, hvert verð yrði borgað út sem áætlunarverð, og sagði, að í stjórninni hefði verið um það rætt að ganga eins langt og þeir töldu sér fært í því efni og lengra en almennt hefði tíðkæzt um útborganir til félagsmanna í formi áætlaðs verðs. Þórhallur kvaðst telja öruggt, að hann hefði átt viðræður við stefnanda, áður en umræddur fundur fór fram, enda hefði að öðrum kosti ekki verið lagt í kostnað við framkvæmdir til þess að taka á móti fiski. Þórhallur sagðist ekki muna, hvort í viðtölum hans við stefnanda hafi hann tekið fram orðið sannvirði, enda sagðist hann ekki muna nákvæmlega, hvernig orð hafi fallið. Þórhallur sagði, að á því tímabili, sem Kaupfélag N.-Þingeyinga hafi tekið á móti fiski af báti stefnanda, hefði kaupfélagið einnig tekið fisk til verkunar af ýmsum öðrum bátum og hafi kaupfélagið gert upp við þá báta á sama grundvelli og kaupfélagið telur, að gera eigi upp við stefnendur.

Þórhallur taldi, að það hefði ekki verið fyrr en á árinu 1963, þó fyrir lok maí þess árs, að honum hafi orðið það ljóst, að stefnandi taldi sig eiga rétt á fullu verði í samræmi við ákvörðun verðlagsráðs.

Páll Þorleifsson, sem var í stjórn Kaupfélags Norður-Þingeyinga, þegar fundur þessi átti sér stað, hefur skýrt svo frá, að hann hafi setið umræddan fund, enda verið þar fundarritari. Hann kveðst muna eftir, að stefnandi Þorsteinn hafi mætt á þessum fundi. Páll sagði, að með áætlunarverði hafi jafnan verið átt við það verð, sem útborgað hafi verið, og hafi þess yfirleitt verið gætt að hafa það ekki hærra en ætla mætti, að fullnaðarverð yrði, þ. e. a. s. það verð, sem fékkst raunverulega fyrir afurðir við sölu. Hann segist muna eftir, að um það hafi verið rætt í stjórn kaupfélagsins að taka fisk af stefnanda og telur áreiðan-

legt, að út frá því hafi verið gengið í stjórninni, að stefnandi ætti að fá fullnaðarverð, enda sé það sá grundvöllur, sem kaupfélagið starfi á. Ekki mundi Páll eftir því, hvernig orð féllu í viðræðunum við stefnanda á fyrrgreindum fundi eða hvernig þær fóru fram, en taldi, að framkvæmdastjórinn og stjórnarformaður hefðu rætt við stefnanda.

Pétur Siggeirsson hefur komið fyrir dóminn og skýrt svo frá, að hann hafi verið stjórnarformaður í Kaupfélagi Norður-Þingeyinga á þeim tíma, sem fyrrgreindur fundur var haldinn. Fyrir fundinum hafi legið tilmæli frá stefnanda um það, að kaupfélagið tæki við fiski af honum. Hafi á fundinum verið samþykkt, áður en stefnandi mætti þar, að honum yrði greitt áætlunarverð og síðan viðbót eftir því, hvað kæmi út úr fiskisölnunni. Pétur kvaðst muna eftir því, að um það hafi verið rætt að greiða nokkru hærra áætlunarverð en tíðkæpt hafi um landbúnaðarvörur, enda hafi stefnandi á þessum tíma verið að kaupa bát. Sagði hann, að þetta áætlunarverð hafi áreiðanlega verið miðað við það, hvað mundi fást fyrir fiskinn á markaði. Eigi mundi hann, hvernig orð féllu, er stefnandi mætti á fundinum, en hann telur sig hafa gert stefnanda fyllilega ljósa fyrrgreinda skilmála, sem stjórnin var búin að fallast á.

Jóhann Helgason hefur skýrt svo frá, að hann hafi mætt á fyrrgreindum fundi sem varamaður í stjórn kaupfélagsins. Hann sagði, að áður en stefnandi mætti á fundinum, hafi verið búið að ræða um það, að fiskmóttaka yrði með sama sniði og þegar stefndi tæki annars við afurðum af félagsmönnum. Taldi hann, að stefnanda hefði verið gerð grein fyrir þessu, er hann mætti á fundinum, en þorði ekki að fara með það nánar, hvernig orð féllu né hver hefði aðallega átt viðræður við stefnanda. Hann tók fram í þessu sambandi, að fundurinn með stefnanda hafi verið í viðræðuformi, sem allir hefðu átt hlut að, og taldi hann, að Þórhallur hefði átt fyrsta orðið.

Þórarinn Haraldsson, sem var stjórnarformaður í Kaupfélagi N.-Þingeyinga og sat fyrrgreindan fund, hefur skýrt svo frá, að þegar stefnandi mætti á fundinum, hafi áður verið búið að ræða um það í stjórninni, með hvaða skilmálum fiskur yrði tekinn af stefnanda. Segir Þórarinn, að stjórnarmenn hafi verið sammála um það, að ekki væri hægt að greiða meira fyrir fiskinn en út úr honum fengist, enda hefði slíkur háttur verið hafður á um afurðir bænda. Hafi þó verið um það rætt að greiða eitthvað meira upp í það verð en tíðkaðist um kjöt og gærur, en upp í

þær afurðir hafi verið greitt 75—80%. Þórarinn taldi, að stefnanda hefði á þessum fundi verið boðin 85% af því verði, sem var ákveðið fiskverð, og síðan viðbót, ef hærra verð fengist fyrir fiskinn samkvæmt endanlegu uppgjöri. Hann taldi, að allar úrslitaumræður hafi farið fram við borð í stjórnarherbergi, þar sem allir stjórnarmenn hafi setið auk stefnanda. Þórarinn kvað það geta staðizt, að hann hafi spurt stefnanda, hvort hann gæti sætt sig við 85% skráðs verðs eða hvort hann heimtaði fullt verð strax, en hann telur það fjarri, að hann hafi verið einhver milli-göngumaður milli stefnanda annars vegar og stjórnar eða stjórnarformanns kaupfélagsins hins vegar.

Stefnendur byggja dómkröfur sínar á því, að ákvörðun Verðlagsráðs sjávarútvegsins sé bindandi sem lágmarksverð í lögskiptum þeim, sem mál þetta grundvallast á, bæði fyrir fiskkaupendur og fiskseljendur, enda eigi báðir fulltrúa í Verðlagsráði sjávarútvegsins. Vitna stefnendur um þetta atriði til 10. gr. laga nr. 97 frá 1961 um Verðlagsráð sjávarútvegsins, sbr. breytingu á þeim lögum nr. 60/1964, og svo vitna þeir til reglugerðar nr. 180/1962.

Þá benda stefnendur á það, að 14. gr. nefndra laga nr. 97/1961 hefði fellt úr gildi 11. gr. laga nr. 1 frá 5. janúar 1938 um Síldarverksmiðjur ríkisins svo og önnur þau lagaákvæði, er brjóti í bága við nefnd lög um Verðlagsráð sjávarútvegsins. Því eigi samvinnufélagalögin nr. 46/1937 ekki við í því tilviki, sem hér er um fjallað. Þá hafa stefnendur mótmælt því, að stefndi hafi tekið fisk þann í umboðssölu, er m/b Kári lagði upp hjá stefnda á fyrrgreindu tímabili. Að endingu mótmæla stefnendur því, að halli hafi orðið á fiskisölunni, enda hafi stefndi þrátt fyrir áskoranir stefnenda ekki lagt fram fullnægjandi reikningsyfirlit um viðskipti þessi.

Stefndi reisir sýknukröfu sína á því, að haustið 1961 hafi hann lagt í töluverðan kostnað, hátt í ½ milljón króna, til þess að geta tekið við fiski til sölumeðferðar af stefnendum. Í framhaldi af því hafi verið haldinn fundur í stjórn hins stefnda kaupfélags. Á þessum fundi hafi stefnandi Þorsteinn Jónsson verið viðstaddur og honum verið fullkunnugt um það, að samþykki fundarins um að taka á móti fiski af báti stefnenda á grundvelli áætlunarverðs þýddi það, að stefnendur skyldu fá greitt sannvirði þeirra afurða, er þeir legðu til kaupfélagsins.

Stefndi bendir á, að Kaupfélag Norður-Þingeyinga sé samvinnufélag samkvæmt lögum nr. 46 frá 13. júní 1937 og stefnendur

séu meðlimir þessa samvinnufélags. Sem slíkir hafi stefnendur lagt afurðir m/b Kára til sölumeðferðar hjá stefnda, sbr. 2. gr., 2. tl., nefndra laga um samvinnufélög, og samkvæmt þeim sömu lögum, 2. og 3. grein, geti stefndi ekki greitt stefnendum herra verð en hann hefur þegar gert í því tilviki, sem hér er um fjallað.

Samkvæmt því, sem nú hefur verið rakið, er það skoðun stefnda, að hann hafi tekið við fiskafurðum m/b Kára til sölumeðferðar frá stefndum sem hverjum öðrum félagsmönnum sínum og stefnendum beri síðan aldrei meira en rétt og endanlegt verð, svo sem öllum öðrum meðlimum samvinnufélags. Fyrir því eigi lög nr. 97/1961, 10. gr., ekki við um þetta mál. Jafnvel þótt stefndi yrði talinn hafa keypt fiskafurðirnar af stefnendum, telur stefndi, að andi og meginreglur laga um samvinnufélög gildi í þessu tilfelli framar nefndri 10. gr. laga nr. 97/1961.

Samkvæmt 5. gr. laga nr. 97/1961, sbr. lög nr. 60/1964, um Verðlagsráð sjávarútvegsins, er aðalverkefni verðlagsráðs m. a. að ákveða lágmarksverð á öllum tegundum fersks sjávarafla, sem seldur er til vinnslu hér á landi eða selja skal í skip eða annað flutningatæki til útflutnings óunninn. Enn fremur segir í 7. gr., 1. mgr., að verðlagsráð skuli við ákvarðanir sínar um lágmarksverð sjávarafla m. a. hafa hliðsjón af markaðsverði sjávarafurða á erlendum mörkuðum svo og framleiðslukostnaði þeirra. Samkvæmt 10. gr. laganna eru ákvarðanir verðlagsráðs bindandi sem lágmarksverð, og má enginn selja sjávarafla undir því verði, sem ákveðið hefur verið samkvæmt ákvæðum laganna.

Samkvæmt 14. gr. laganna eru jafnframt felld „úr gildi 11. gr. 1. nr. 1 frá 5. janúar 1938, um Síldarverksmiðjur ríkisins, svo og önnur þau lagaákvæði, er brjóta í bága við lög þessi“.

Hvorki í lögunum, greinargerð með frumvarpinu, er það var lagt fram á Alþingi, né umræðum um málið á þeim vettvangi kemur það fram, að samvinnufélög eigi að vera undanþæg ákvörðun Verðlagsráðs sjávarútvegsins um lágmarksverð á ferskum sjávarafla. Verður því að telja vegna hinna fortakslausu ákvæða 10. gr. og 14. gr. laga nr. 97/1961, að stefndi sé bundinn af því lágmarksverði, sem verðlagsráðið hefur ákveðið í því tilviki, sem hér er um ræðir, og lög nr. 46/1937 um samvinnufélög fái hér engu um þokað. Verður dómkrafa stefnenda því tekin til greina, enda hefur hún eigi sætt tölulegum andmælum af hálfu stefnda.

Úrslit málsins verða þá þau, að stefndi verður dæmdur til að

gjalda stefnendum kr. 124.699.46 ásamt 7% ársvöxtum frá 31. desember 1963 til greiðsludags svo og málskostnað, er þykir hæfilega ákveðinn kr. 20.964.00, og hefur þá verið tekið tillit til reiknings yfir vélritunarkostnað að upphæð kr. 1.100.00.

Magnús Thoroddsen borgardómari kvað upp dóm þennan ásamt meðdómendum Árna Stefánssyni hæstaréttarlögmanni og Jóhanni Ólafssyni forstjóra.

Dómsorð:

Stefndi, Kaupfélag Norður-Þingeyinga, greiði stefnanda Þorsteini Jónssyni persónulega og fyrir hönd Brynjars Halldórssonar og Skúla Þórs Jónssonar kr. 124.699.46 ásamt 7% ársvöxtum frá 31. desember 1963 til greiðsludags og kr. 20.964.00 í málskostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 30. október 1968.

Nr. 159/1968. **Lárus Blöndal** (Benedikt Blöndal hrl.)

og **Vilmundur Jónsson**

(Sigurður Baldursson hrl.)

gegn

Halldóri Arinbjarnar

(Gísli G. Ísleifsson hrl.).

Dómenndur:

hæstaréttardómararnir Jónatan Hallvarðsson, Einar Arnalds, Gizur Bergsteinsson og Logi Einarsson og prófessor Ármann Snævarr.

Lögbann. Rittfrelsi. Kjörbörn.

Dómur Hæstarétta.

Áfrýjendur hafa skotið máli þessu til Hæstarétta með stefnu 23. september 1968 og gert þær dómkröfur, að hinn áfrýjaði dómur og lögbannsgerð verði úr gildi felld og þeim dæmdur málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti úr hendi stefnda.